


AFSTÖÐUMYND
1:500




GRUNNMYND
1:100

**Fléttuvellir 21**
**Byggingarlýsing**

Húsið er einnar fjölskyldu íbúðarhús á einni hæð. Húsið er 208 m2 brútto og saman stendur af 3 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum,
skrifstofurými, eldhúsi, stofu og innbyggðum bílskúr.
Húsnæðið er innan byggingalínu á lóð, form hússins fylgir formi byggingalínu og er L laga á lóð í grunnmynd.

**Efni**
Aðal-burðarvirki er steinsteypt, (undirstöður, gólf, berandi veggir og bitar, þakplötur).
Útveggir eru einangraðir að utan með 100mm einangrun, klæddir með múrkerfi, steinað dökk grátt.
Undir bortplötu og á sökklum er 75mm einangrun.
Stálsúlur eru auka-burðavirki sem stuðningur við aðal-burðakerfi hússins.
Þakið er úr steinteyptum þakplötum með regnvatnshalla. Þakyfirborð er vatnsvarið með dúk, einangrað að utan með 200mm einangrun og haldið með hellum og möl.
Gólfkóti aðalhæðar er 22.40 m og er gólfkóti / hæð á aðkomugólfi einnig 22.40 m.
Mesti hæðarkót útveggja er 26.40 m og er Mænishæð við mið-horn hússins 26.90 m. Þakhalli hússins er á milli 1° og 9°.
Við Suður og Vesturhlið hússins er skyggni úr stálvirki. Skyggnið situr yfir suðurhlið aðalrýma, meðfram inngangsrýmum og yfir inngangi hússins og bílskúrssins. Skyggnið fellur að auki yfir sorpgeymslu og myndar einnig lokun sorpgeymslunar.
Gluggar eru álgluggar eða álklæddir timburgluggar. Einangrunargler skal fullnægja ÍST-44 "Einangrunargler; gæði og prófanir".

**Lóð**
Umhverfis lóðina, 180cm frá lóðarlínu, er girðing / skjólveggur úr steyptum einingum, steinað með sama efnisfrágangi og útveggir hússins. Efri brún girðingar er hallandi og er hæð girðingar á milli 100 cm lægst og 180 cm hæðst. Inngangur í garðin er milli sorpgeymslu og hússins, en einnig er inngengt við norðurhlið hússin og frá stofurými hússins. Ekki er gert ráð fyrir miklum gróðri á lóð, og sér girðing / skjólveggur því um alla skjólmyndun.
Við útgang úr stofurými hússins er trépallur sem lagaður verður að því hraun landslagi sem finnst á lóðinni.
Ekki er gert ráð fyrir sérstakri stöllun eða breyting á landslagi lóðar fyrir utan nauðsynlegar uppfyllingar. Staðsetning byggingarlínu er á bungu sem fer yfir 23.00 m yfir sjáfarmáli. Þar eð kóti í innkomurými er 22.40 m mun þurfa að aðlaga einhvern af þeim hæðarmun sem stendur utan byggingarlínu að byggingarkóta.
Sorpskýli er innan lóðamarka skv. gr. 4.5. deiliskipulags Valla og stendur við aðkomu að aðalinngang hússins. Sorpskýlið er uppbyggt með steinvegg að baki, með sama frágangi og útveggir húss. Þak, framhlið, og hurðir sorpgeymslu eru með léttri lokun með efnisfrágang sem afbrigði af sólarskyggninu. Við hlið sorpskýlisins er sorpflokkun, rými sem tekur til greina hugsanlega þörf á frekari flokkun sorps í framtíðinni skv. gr. 4.5. deiliskipulags Valla. Hæð sorpgeymslurýma er hallandi á milli 1.7 metrar og 2.8 metrar.

**Innra skipulag**
Innra skipulag er skipt þannig að "tækni" rými eru við inngang hússiins sunnanvert (baðherbergi, geymsla, þvottaherbergi og bílskúr) og svefnálmu við norðurhlið hússins. Þessum álmum eru skilið að með opinni stofu og eldhúsrými.

Léttir innveggir eru gipsveggir í flokki 1.
Votveggur aðal baðherbergis er hlaðinn og múraður.
Gólfefni eru flísar eða terrassó í aðalrýmum, tréparket í svefnherbergjum og flísar í baðherbergjum.
Húsið er upphitað með vegghengdum ofnum. Fersk loft inntök eru í gegnum grill í veggjum og í gegnum opnanlega glugga.
Baðherbergi og tæknirými eru loftræst með loftræstikerfi í loftum og er útblástur losaður í gegnum útveggi.

**Brunavarnir**
Húsið er ein brunasamstæða. Burðavirki og brunarhólfun er samkvæmt teikningum, og léttir innveggir eru í flokki 1.
Björgunarop eru úr helstu rýmum og svefnherbergjum. Handslökkvitæki eru í bílskúr og eldhúsi.

**Byggingarhluti U-gildi (W/m2K)**
18C>Ti>=10C
Þak.............................................................0,2
Útveggur......................................................0,4
Botnplata.....................................................0,3
Gluggar (Karmar, gler vegið meðaltal K-gler)............2,0
Hurðir..........................................................3,0

**Stærðir**
Brúttórúmmál..................................................
Brúttóflatarmál...............................................208,0 m2
Lóð..............................................................616,0 m2
Nýtingahlutfall...............................................33.2%

Samþykkt þann
13 JAN. 2006
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*

Allar málsetningar eru í millimetrum.
Teikningar eru einungis leiðbeinandi, Mál skulu ekki tekin af teikningum. Misræmi í teikningum eða verklýsingum tilkynnist arkitektum strax
Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum,
ásamt teikningum og verklýsingum annarra hönnuða

breyting


Jeffrey P Turko AA(dipl)
Guðjón Þór Erlendsson BA(hons) AA(dipl)
kt. 150870-4889


| | |
|---|---|
| Verkkaupi | Hjalti Einarsson<br>kt 110438-2499<br>Kristjana G. Johannesdottir<br>kt 200741-3669 |
| verk | Fléttuvellir 21 |
| teikning | Grunnmynd, Snið<br>Afstöðumynd |
| dags | 10 / 2005 |
| verk númer | 0001 |
| Teikning | 100 |
| stærð | 1:100/500 |


***NEKTON***
*Architectural Design*

Unit 51
Regents Studios
8 Andrews Road
London E8 4QN

Nekton Design
e: info@nekton.org


| | |
|---|---|
| LK | Hæðarkóti lóðar |
| GK | Hæðarkóti gólfs |
| ÞK | Hæðarkóti á þaki |
| RS | Reykskynjari |
| SL | Slökkvitæki |
| NF | Niðurfall |
| LR | Loftræsting |